



Sýsluvinnslan hf

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. september 2021



Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021	3
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021	4
Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2021	5 - 6
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021	7
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021	8
Skýringar	9 - 15

Síldarvinnslan hf.

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Árshlutareikningur Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn er samandreginn samstæðureikningur Síldarvinnslunnar hf. og dótturfélaga þess, sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Fjárfestingafélaginu Vör ehf. og Seley ehf., og vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 171,4 milljónum dollara á 9 mánaða tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 69,9 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 613,8 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 405,2 milljónum dollara, að meðtöldri hlutdeild minnihluta. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 66%.

Á hluthafafundi Síldarvinnslunnar, sem haldinn var þann 26. mars 2021, var tekin ákvörðun um að færa eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélagi ehf. að öllu leyti til hluthafa með arðgreiðslu. Sjá nánar skýringu 9.

Kaup á öllum eignarhlutum í Bergi ehf. voru endanlega samþykkt af Samkeppniseftirlitinu þann 25. febrúar 2021 og er félagið hluti af samstæðu Síldarvinnslunnar ehf. frá þeim tíma. Fjallað er um kaupin og áhrif þeirra á samstæðuna í skýringu 9.

Í lok febrúar var gengið frá endurfjármögnun á langtímalánum samstæðunnar við Nordea banka. Í maí var skammtímaskuldur samstæðunnar við Landsbankann breytt í langtímaskuldir. Sjá nánar skýringu 7.

Þann 1. júlí sameinaðist dótturfélagið Runólfur Hallfreðsson ehf. móðurfélaginu.

Nokkur óvissa er enn um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina litið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki verið veruleg hingað til. Samstæðan er sem fyrr vel í stakk búin til þess að mæta áframhaldandi óvissu vegna faraldursins þar sem fjárhagsstaða hennar er sterk og það er mat stjórnenda að með aukinni bólusetningu gegn þeirri veiru sem veldur Covid-19 þá styrkist markaðir samstæðunnar og öryggi í rekstri.

Gengið var frá skráningu á hlutabréfum Síldarvinnslunnar á aðallista Nasdaq Ísland í maí 2021 og hófust viðskipti með hlutabréf félagsins þann 27. maí.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 25. nóvember 2021.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Björk Þórarinsdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021

Skýringar	Þriðji ársfjórðungur		Fyrstu níu mánuðir ársins	
	2021 1.7-30.9	2020 1.7-30.9	2021 1.1-30.9	2020 1.1-30.9
Rekstrartekjur				
Seldar vörur	71.460.579	69.891.740	170.196.414	132.103.389
Aðrar tekjur	20.047	179.241	488.261	599.245
Hagnaður af sölu eigna	540.134	55.345	715.097	344.171
	<u>72.020.760</u>	<u>70.126.326</u>	<u>171.399.772</u>	<u>133.046.805</u>
Rekstrargjöld				
Kostnaðarverð seldra vara	28.207.888	25.002.256	65.823.880	52.170.198
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	15.563.137	15.388.006	41.626.989	32.671.849
Annar rekstrarkostnaður	1.258.380	903.144	4.239.229	3.150.078
	<u>45.029.405</u>	<u>41.293.406</u>	<u>111.690.098</u>	<u>87.992.125</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	26.991.355	28.832.920	59.709.674	45.054.680
Afskriftir fastafjármuna	4	3.067.354	2.418.327	8.057.024
Rekstrarhagnaður		<u>23.924.001</u>	<u>26.414.593</u>	<u>51.652.650</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og verðbætur	95.077	34.553	366.465	474.166
Vaxtagjöld og verðbætur	(824.788)	(308.549)	(2.702.223)	(1.908.325)
Gengismunur	(2.064.576)	684.311	870.255	(5.821.183)
(Gjöld) hagnaður af verðbréfum og afleiðusamningum	(299.372)	(218.304)	2.815.854	(2.903.917)
	<u>(3.093.659)</u>	<u>192.011</u>	<u>1.350.351</u>	<u>(10.159.259)</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	21.861	1.589.229	3.721.654	3.401.768
Hagnaður af afhendingu dótturfélags	9	0	23.637.620	0
Hagnaður fyrir skatta	20.852.203	28.195.833	80.362.275	30.920.164
Tekjuskattur	(3.528.846)	(5.282.306)	(10.412.914)	(5.503.679)
Hagnaður tímabilsins	<u>17.323.357</u>	<u>22.913.527</u>	<u>69.949.361</u>	<u>25.416.485</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	17.168.770	22.727.949	69.737.103	25.071.353
Hlutdeild minnihluta	154.587	185.578	212.258	345.132
	<u>17.323.357</u>	<u>22.913.527</u>	<u>69.949.361</u>	<u>25.416.485</u>
Hagnaður á hlut				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut	0,0102	0,0135	0,0412	0,0149
Starfspáttayfirlit	3			
Ársfjórðungsyfirlit	11			

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. sept. 2021

	Þriðji ársfjórðungur		Fyrstu níu mánuðir ársins	
	2021	2020	2021	2020
	1.7-30.9	1.7-30.9	1.1-30.9	1.1-30.9
Hagnaður tímabilsins	17.323.357	22.913.527	69.949.361	25.416.485
Önnur heildarafkoma				
<i>Liðir sem endurflokkaðir eru yfir rekstur:</i>				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	(3.012.416)	5.399.467	(1.486.373)	(5.559.730)
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	0	1.985.957	736.812	(2.722.770)
Heildarafkoma tímabilsins	<u>14.310.941</u>	<u>30.298.951</u>	<u>69.199.800</u>	<u>17.133.985</u>
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	14.299.994	29.863.485	69.126.711	17.182.871
Hlutdeild minnihluta	10.947	435.466	73.089	(48.886)
	<u>14.310.941</u>	<u>30.298.951</u>	<u>69.199.800</u>	<u>17.133.985</u>

Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2021

Eignir	Skýringar	30.9.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir		<u>271.381.718</u>	<u>227.077.803</u>
		271.381.718	227.077.803
Rekstrarfjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	174.918.398	127.496.484
Skip í smíðum	4	0	20.288.960
Leiguréttindi		<u>1.134.989</u>	<u>1.162.392</u>
		176.053.387	148.947.836
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		15.007.250	38.773.169
Eignarhlutar í öðrum félögum		<u>2.629.035</u>	<u>1.651.988</u>
		17.636.285	40.425.157
Fastafjármunir samtals		465.071.390	416.450.796
Veltufjármunir			
Skuldabréfaeign		0	394.298
Birgðir	5	33.696.415	26.224.059
Viðskiptakröfur		13.479.616	7.415.582
Aðrar skammtímakröfur		3.813.191	1.827.215
Kröfur á tengd félög	8	31.351.616	26.128.241
Handbært fé		<u>64.847.224</u>	<u>90.119.415</u>
		147.188.062	152.108.810
Fastafjármunir sem haldið er til sölu	4	1.567.591	1.567.591
Veltufjármunir samtals		148.755.653	153.676.401
Eignir samtals		<u><u>613.827.043</u></u>	<u><u>570.127.197</u></u>

Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2021

Eigið fé og skuldir	Skýringar	30.9.2021	31.12.2020
Eigið fé			
Hlutafé		14.096.600	13.967.526
Yfirverðsreikningur hlutafjár		17.588.283	10.070.499
Annað bundið eigið fé		32.748.710	33.240.148
Óráðstafað eigið fé		338.252.737	324.809.669
		<u>402.686.330</u>	<u>382.087.842</u>
Hlutdeild minnihluta		2.555.056	4.184.269
		<u>405.241.386</u>	<u>386.272.111</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	7	115.064.882	33.375.248
Tekjuskattsskuldbinding		48.779.421	39.967.342
		<u>163.844.303</u>	<u>73.342.590</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		1.153.325	27.913.254
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	7	8.481.916	54.647.863
Reiknaðir skattar tímabilsins		10.153.864	9.027.842
Viðskiptaskuldir		9.406.174	7.335.248
Aðrar skammtímaskuldir		13.438.664	10.936.990
Skuldir við tengd félög	8	2.107.411	651.299
		<u>44.741.354</u>	<u>110.512.496</u>
Skuldir samtals		208.585.657	183.855.086
Eigið fé og skuldir samtals		<u>613.827.043</u>	<u>570.127.197</u>
Aðrar upplýsingar	9, 10		

Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1.1 - 30.9. 2021						
Staða í ársbyrjun	13.967.526	10.070.499	33.240.148	324.809.669	4.184.269	386.272.111
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				69.737.103	212.258	69.949.361
Þýðingarmunur			(1.347.204)		(139.169)	(1.486.373)
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga			921.015			921.015
Tekjuskattsáhrif			(184.203)			(184.203)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			(905.264)	905.264		0
- gangvirðisreikningur			1.024.218	(1.024.218)		0
	0	0	(491.438)	69.618.149	73.089	69.199.800
<i>Eigendur:</i>						
Seldir eigin hlutir (Skýr. 6) ...	129.074	7.517.784				7.646.858
Greiddur arður (Skýr. 9)				(54.458.538)		(54.458.538)
Viðskipti við minnihluta						
eigendur (Skýr. 9)				(1.716.543)	(1.702.302)	(3.418.845)
	129.074	7.517.784	0	(56.175.081)	(1.702.302)	(50.230.525)
Staða í lok tímabils	14.096.600	17.588.283	32.748.710	338.252.737	2.555.056	405.241.386
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1.1 - 30.9. 2020						
Staða í ársbyrjun	13.968.088	10.080.057	23.703.309	310.508.027	3.824.601	362.084.082
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				25.071.354	345.132	25.416.485
Þýðingarmunur			(5.165.713)		(394.017)	(5.559.730)
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga			(3.403.462)			(3.403.462)
Tekjuskattsáhrif			680.692			680.692
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			6.097.381	(6.097.381)		0
- gangvirðisreikningur			274.477	(274.477)		0
	0	0	(1.516.625)	18.699.496	(48.886)	17.133.985
<i>Eigendur:</i>						
Keyptir eigin hlutir	(562)	(9.558)				(10.120)
	(562)	(9.558)	0	0	0	(10.120)
Staða í lok tímabils	13.967.526	10.070.499	22.186.684	329.207.523	3.775.716	379.207.947

Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021

	Skýringar	2021 1.1-30.9	2020 1.1-30.9
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri		69.949.361	25.416.485
Hagnaður tímabilsins			
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	8.057.024	7.377.025
Aðrir liðir		(27.850.586)	(3.233.272)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>50.155.799</u>	<u>29.560.238</u>
Hækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(14.028.487)	(3.099.758)
Birgðir		(7.467.599)	(1.621.502)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		7.407.736	9.389.599
		<u>(14.088.350)</u>	<u>4.668.339</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>36.067.449</u>	<u>34.228.577</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(11.874.488)	(3.093.185)
Fjárfest í skipum í smíðum	4	(23.872.761)	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		222.873	5.268.846
Sala fastafjármuna sem haldið er til sölu		3.791.398	1.213.500
Breytingar á skuldabréfaeign		394.298	(697.772)
Seldir eignarhlutar í öðrum félögum		1.190	0
Fjárfesting í nýju dótturfélagi	9	(39.460.627)	0
Keyptur eignarhluti minnihluta	9	(3.418.845)	0
Handbært fé dótturfélags sem fer úr samstæðu	9	(7.093.614)	0
Arður frá hlutdeildarfélögum		3.131.808	(99.022)
		<u>(78.178.768)</u>	<u>2.592.367</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		84.928.230	0
Afborganir langtímaskulda		(74.244.325)	(23.534.944)
Viðskipti með eigin bréf	6	6.104.017	(10.120)
Greiddur arður		(595.873)	0
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		1.226.257	0
		<u>17.418.306</u>	<u>(23.545.064)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		<u>(24.693.013)</u>	<u>13.275.880</u>
Handbært fé í byrjun árs		90.119.415	48.633.026
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		(579.178)	643.916
Handbært fé í lok tímabils		<u>64.847.224</u>	<u>62.552.822</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir og gengismunur		513.336	474.166
Greiddir vextir og gengismunur		(2.401.976)	(5.758.484)
Greiddir skattar		(6.469.425)	(6.279.982)
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Afhending á dótturfélagi með arðgreiðslu til hluthafa		(53.862.665)	0

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Vísað er til skýringar 9 um breytingar á samstæðu Síldarvinnslunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 25. nóvember 2021.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til september 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2020.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Starfspáttayfirlit

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1 - 30.9. 2021						
Seldar vörur	82.107.508	121.823.101	14.915.843	(39.833.653)	(8.816.385)	170.196.414
Aðrar tekjur	457.702	0	30.559	0	0	488.261
Hagnaður af sölu eigna	537.599	177.498	0	0	0	715.097
Kostnaðarverð seldra vara	29.862.562	71.212.204	13.399.152	(39.833.653)	(8.816.385)	65.823.880
Laun og starfsmannakostn.	27.331.592	11.502.376	2.793.021	0	0	41.626.989
Annar rekstrarkostnaður	995.781	572.478	2.670.970	0	0	4.239.229
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir	24.912.874	38.713.541	(3.916.741)	0	0	59.709.674
Afskriftir fastafjármuna	(4.994.589)	(2.924.994)	(137.441)	0	0	(8.057.024)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						1.350.351
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagas						3.721.654
Hagnaður af afhendingu dótturfélags						23.637.620
Tekjuskattur						(10.412.914)
Hagnaður tímabilsins						69.949.361

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit, framhald

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1 - 30.9. 2020						
Seldar vörur	72.381.152	88.155.359	12.268.261	(32.663.070)	(8.038.313)	132.103.389
Aðrar tekjur	584.923	0	14.322	0	0	599.245
Hagnaður (tap) af sölu eigna	(748.197)	1.092.368	0	0	0	344.171
Kostnaðarverð seldra vara	27.677.311	54.051.887	11.142.383	(32.663.070)	(8.038.313)	52.170.198
Laun og starfsmannakostn.	22.809.536	7.698.499	2.163.814	0	0	32.671.849
Annar rekstrarkostnaður	719.695	914.714	1.515.669	0	0	3.150.078
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir	21.011.336	26.582.627	(2.539.283)	0	0	45.054.680
Afskriftir fastafjármuna	(4.255.132)	(2.980.792)	(141.101)	0	0	(7.377.025)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						(10.159.259)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага						3.401.768
Tekjuskattur						(5.503.679)
Hagnaður tímabilsins						25.416.485

Söluaukningu samstæðunnar á milli þriggja ársfjórðunga árið 2021 og 2020, að fjárhæð um 38,1 milljónir dollara, má að lang stærstum hluta rekja til aukningar á framleiðsluverðmætum á loðnu í uppsjávarfrýstingu félagsins.

4. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir og skip í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélur og tæki	Samtals
Í lok tímabils 30.9.2021:				
Bókfært verð í ársbyrjun	23.259.583	85.004.378	19.232.523	127.496.484
Viðbót tímabilsins	5.533.360	625.863	5.715.265	11.874.488
Viðbót vegna nýs félags í samstæðu	0	3.094.580	0	3.094.580
Bókfært verð seldra eigna	(44.585)	0	(790)	(45.375)
Flutt af skipum í smíðum	0	44.161.721	0	44.161.721
Eignir til sölu, flutt á veltufjármuni	0	(11.494.884)	0	(11.494.884)
Flutt af eignum haldið til sölu	0	8.338.970	0	8.338.970
Áhrif gengisbreytinga	(8.029)	(375.084)	(94.113)	(477.226)
Afskriftir	(1.054.430)	(4.888.544)	(2.087.386)	(8.030.360)
Bókfært verð í lok tímabils	27.685.899	124.467.000	22.765.499	174.918.398
Bókfært verð í lok 30.9.2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	69.292.279	166.583.978	100.076.962	335.953.219
Afskrifað samtals	(41.606.380)	(42.116.978)	(77.311.463)	(161.034.821)
Bókfært verð í lok tímabils	27.685.899	124.467.000	22.765.499	174.918.398
Afskriftarhlutföll	0-6%	4-10%	0-20%	
Afskriftir greinast þannig:				
			1.1.-30.9.2021	1.1.-30.9.2020
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna			8.030.360	7.362.443
Afskriftir leiguréttinda			26.664	14.582
			8.057.024	7.377.025

Skýringar

4. Efnislegar eignir (framhald)

Skip í smíðum

Síldarvinnslan fékk, í byrjun júní, afhentan nýjan Börk og fór skipið í sína fyrstu veiðiferð þá og reyndist afar vel. Danska skipasmíðafyrirtækið Karstensens Skibsværft AS sá um smíði skipsins sem hófst um mitt ár 2019. Heildarfjárfesting vegna þessa nemur 44,2 millj. USD og hefur fjárfestingin verið flutt á varanlega rekstrarfjármuni.

Breytingar á skipum í smíðum greinast þannig:	1.1 - 30.9.2021
Heildarverð í ársbyrjun	20.288.960
Viðbótarinnborganir tímabilsins	23.872.761
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni	(44.161.721)
Heildarverð í lok tímabils	0

Fastafjármunir sem haldið er til sölu

Bergur ehf., félag í samstæðu Síldarvinnslunnar, gekk frá sölu á Berg VE-44 til Vísis í Grindavík og var skipið afhent nú í ágúst. Í ljós þess að loðnukvótinn var aukinn var ákveðið að rifta samkomulagi um sölu á uppsjávarskipinu Bjarna Ólafssyni AK-70 til erlendra aðila.

Breytingar á fastafjármunum sem haldið er til sölu greinast þannig:	1.1 - 30.9.2021
Bókfært verð í ársbyrjun	1.567.591
Flutt af varanlegum rekstrarfjármunum	11.494.884
Selt	(3.155.914)
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni	(8.338.970)
Bókfært verð í lok tímabils	1.567.591

5. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Hráefni	1.229.530	1.439.348
Fullunnar afurðabirgðir	25.879.238	19.569.564
Rekstrarvörur	2.729.333	1.379.708
Veiðarfæri	3.858.314	3.835.439
	33.696.415	26.224.059

Birgðaaukning tímabilsins stafar að stærstum hluta af fullunnum afurðabirgðum loðnu og makrílafurða. Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 25,9 milljónir dollara þann 30.9.2021 samanborið við 19,6 milljónir dollara þann 31.12.2020. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunnina afurðabirgða í lok tímabilsins nema allt að 37,9 milljónum dollara í samanburði við 26,3 milljónir dollara í lok árs 2020.

6. Eigið fé

Í tengslum við skráningu Síldarvinnslunnar á aðallista Kauphallar Íslands í maí 2021 seldi Síldarvinnslan eigin hluti ásamt því að færa starfsmönnum samstæðunnar hluta þeirra að gjöf. Heildarvirði seldra og afhentra hluta nam 7,6 milljónum dollara (nafnv. 15.618.880), en þar af voru 1,5 milljónir dollara (nafnv. 3.192.000) afhentir starfsmönnum. Eigin hlutir í lok september 2021 eru 108.000 krónur.

Hlutfé Síldarvinnslunnar þann 30.9.2021 greinist þannig:	Hlutfall	Fjárhæð ISK
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	100,0%	1.700.000.000
Eigin hlutir í lok tímabilsins	(0,01%)	(108.000)
	100,0%	1.699.892.000

Skýringar

7. Skuldir við lánastofnanir

Á tímabilinu samdi Síldarvinnslan um endurfjármögnun langtíma- og skammtímaskulda við lánastofnanir. Endurfjármögnuninni var að fullu lokið í maí 2021. Í lok tímabilsins greinast langtímaskuldir samstæðunnar þannig:

Langtímaskuldir við lánastofnanir:	30.9.2021	31.12.2020
Skuldir í USD	58.013.721	48.546.912
Skuldir í EUR	34.445.320	39.476.199
Skuldir í NOK	14.857.527	0
Skuldir í GBP	10.876.713	0
Skuldir í JPY	5.353.517	0
	<u>123.546.798</u>	<u>88.023.111</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(8.481.916)	(54.647.863)
Langtímaskuldir í lok tímabils	<u>115.064.882</u>	<u>33.375.248</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða	8.481.916
Afborganir á árinu 2022-2023	8.481.916
Afborganir á árinu 2023-2024	8.481.916
Afborganir á árinu 2024-2025	29.607.587
Afborganir á árinu 2025-2026	7.115.408
Afborganir síðar	<u>61.378.056</u>
	123.546.798

Breyting á áhættuvarnarreikningsskilum

Í tengslum við endurfjármögnun samstæðunnar varð veruleg breyting á þeim áhættuvörðu liðum sem gert var ráð fyrir í forsendum áhættuvarnarreikningsskila hennar. Vegna þeirra breytinga ákvað samstæðan að hætta formlegum áhættuvarnarreikningsskilum á fyrri helmingi ársins 2021. Bundnir eiginfjárreikningar vegna áhættuvarna eru því leystir upp á fyrri helmingi ársins 2021.

8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Tímabilið 1. janúar - 30. september 2021	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélag.....	365.406	1.836.595	321.745	244.574
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu.....	<u>95.701.739</u>	<u>14.742.295</u>	<u>31.029.871</u>	<u>1.862.837</u>
	96.067.144	16.578.890	31.351.616	2.107.411
Árið 2020				
Hlutdeildarfélag.....	232.750	1.723.325	298.339	161.180
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu.....	<u>85.615.515</u>	<u>12.428.981</u>	<u>25.829.902</u>	<u>490.119</u>
	85.848.265	14.152.306	26.128.241	651.299

Skýringar

9. Breyting á samstæðu

Samstæða Síldarvinnslunnar hefur tekið breytingum frá árslokum 2020. Breytingarnar felast í kaupum á öllum hlutum í útgerðarfélaginu Bergur ehf., kaupum á viðbótareignarhlut í Runólfi Hallfreðssyni ehf., en að loknum þeim kaupum er Síldarvinnslan eigandi að öllum hlutum félagsins og það sameinað Síldarvinnslunni frá 1. júlí, og afhendingu SVN eignafélags ehf. til hluthafa Síldarvinnslunnar.

Kaup á útgerðarfélaginu Bergur ehf.

Í október 2020 gerði félag í samstæðunni, Bergur-Huginn ehf., samning um kaup á öllum útistandandi eignarhlutum í útgerðarfyrirtækinu Bergur ehf. í Vestmannaeyjum. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem lá fyrir þann 25. febrúar 2021, sem er yfirtökudagur samstæðunnar. Bergur ehf. er hluti af samstæðu Síldarvinnslunnar frá þeim tíma. Við kaupin námu aflaheimildir Bergs ehf. um 0,36% af heildarkvóta á fiskveiðiárinu 2020-2021 eða sem nemur 1,514 þorskígildistonnur. Með kaupnum á þessu öfluga fyrirtæki styrkir samstæðan rekstur sinn í útgerð og botnfiskveiðum og dreifir enn frekar ymissi rekstraráhættu sem gæti orðið vegna samþjöppunar og áherslu á eina tegund útgerðar.

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 25.2.2021. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaga innan samstæðu. Engin viðskiptavild er færð í samstæðunni þar sem allt yfirverð er heimfært á veiðiheimildir og fiskiskip að frádraginn tekjuskattsskuldbindingu. Gangvirði annarra eigna og skulda var metið jafnt bókfærðu verði viðkomandi liða í efnahagsreikningi Bergs ehf. Engin niðurfærsla var færð vegna viðskiptakrafna. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningskilastaðla hefur samstæðan 12 mánuði til að yfirfara endanlega útteilingu kaupverðs.

Í árshlutareikningnum eru meðtaldar tekjur frá Berg ehf. frá yfirtökudegi að fjárhæð 6,9 milljónir dollara. Þá nemur hagnaður félagsins á tímabilinu 5,1 milljónum dollara.

Kaupverð

Greitt með peningum	39.640.127
---------------------------	------------

Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði

Veiðiheimildir	45.791.010
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.094.580
Vörubirgðir	21.668
Viðskiptakröfur	6.983
Aðrar skammtímakröfur	5.206
Handbært fé	179.500
Tekjuskattsskuldbinding	(9.458.820)
Nettó eignir keyptar	39.640.127

Greiðsluáhrif fjárfestinga í dótturfélögum

Greiðslur vegna fjárfestinga	39.640.127
Handbært fé til staðar við fjárfestingu	(179.500)
Nettó greiðslur færðar á meðal fjárfestingahreyfinga í sjóðsstreymi	39.460.627

Aukinn eignarhlutur í Runólfi Hallfreðssyni ehf.

Þann 6. apríl 2021 keypti Síldarvinnslan hf. hlut minnihluta eiganda í Runólfi Hallfreðssyni ehf. Um er að ræða 12,4% hlut, en eftir viðskiptin á Síldarvinnslan alla hluti í félaginu. Félögin voru sameinuð undir nafni Síldarvinnslunnar hf. frá og með 1. júlí 2021. Áhrif kaupanna á öllum eignarhlutum í Bergi ehf. og 12,4% eignarhlut í Runólfi Hallfreðssyni ehf. á samstæðuna:

Kaupverð

Hlutdeild minnihluta	1.702.302
Greitt yfirverð til minnihluta	1.716.543
	3.418.845

Skýringar

9. Breyting á samstæðu (framhald)

Afhending SVN eignafélags ehf. til hluthafa.

Að ákvörðun hluthafafundar Síldarvinnslunnar hf., sem haldinn var þann 26. mars 2021, var eignarhlutur Síldarvinnslunnar í dótturfélaginu SVN eignafélagi ehf. að mestu leyti fluttur til hluthafa með arðgreiðslu. Arðgreiðsludagur var 9. apríl 2021 og nam verðmæti eignarhlutarinnar á arðgreiðsludegi 54,5 milljónum dollara. Bókfært verð dótturfélagsins var 30,2 milljónir dollara og því myndast hagnaður í rekstrarreikningi samstæðunnar á tímabilinu sem nemur 23,6 milljónum króna.

Í árshlutareikningnum er meðtalinn hagnaður frá SVN eignafélagi, fram að afhendingardegi, að fjárhæð 2,3 milljónir dollara, en hagnaðurinn er tilkominn vegna hlutdeildartekna félagsins frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Þá hafði SVN eignafélag jafnframt móttengið arð frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á tímabilinu, að fjárhæð 3 milljónir dollara og er sú fjárhæð tilgreind í árshlutareikningnum.

Afhending eignarhluta til hluthafa

Arðgreiðsla á tímabilinu 1. janúar - 30. september 2021	54.458.538
Greitt með peningum	(595.873)
Verðmæti eignarhlutar í SVN eignafélagi sem afhentur var með arðgreiðslu.	53.862.665

Eignir og skuldir SVN eignafélags á afhendingardegi, á gangvirði

Eignarhlutur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.	23.818.649
Handbært fé	7.093.614
Skammtímaskuldir	(6.747)
Hrein eign SVN eignafélags á arðgreiðsludegi	30.905.516
Eftirstæður eignarhlutur Síldarvinnslunnar hf. í SVN eignafélagi	(680.471)
	30.225.045

Innleystur hagnaður af afhendingu dótturfélags	23.637.620
--	------------

10. Önnur mál

Skráning á aðallista kauphallarinnar

Í maí 2021 var gengið frá skráningu hlutabréfa Síldarvinnslunnar á aðallista kauphallarinnar. Hlutafjárútbod þar sem 26,3% hlutur félagsins var boðinn til sölu fór fram 10. - 12. maí 2021. Hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. voru síðan tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hinn 27. maí sl. Útbodið á bréfum félagsins tókst vel og reyndist eftirspurn tvöföld og hluthafar hátt í 7.000 talsins þegar upp var staðið. Síldarvinnslan er eina skráða fyrirtækið sem ekki hefur höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaður við skráningu vegna sérfræðipjónustu við útbodið nam um 977 þús. USD. Gjaldfærður launakostnaður vegna afhendingar eigin hlutabréfa til starfsmanna nam 2.636 þús. USD hjá samstæðunni. Þar er bæði um að ræða afhendingu hlutabréfa til starfsmanna og launabónus vegna skattaáhrifa þeirra. Heildargjaldfærsla við útbodið nam því 3.613 þús. USD sem færð er í rekstrarreikning tímabilsins.

Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað:

Þann 4. mars 2021 var undirritaður samningur við vélsmiðjuna Héðin um smíði á 380 tonna fiskimjölsverksmiðju sem sett verður upp í Neskaupsstað. Jafnframt er fyrirhugað að stækka núverandi verksmiðju um 600 tonn á sólahring og munu heildarafköst starfseminnar því verða 2.380 tonn á sólahring að þessum framkvæmdum loknum. Samningsfjárhæðin vegna 380 tonna verksmiðjunnar nemur um 1,7 milljarði króna (USD 13,8 milljónir) og er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði afhent á fyrri hluta ársins 2022.

Skattamál:

Embætti Skattsins hóf á árinu 2020 svokallað stórfyrirtækjaeftirlit á skattskilum fyrri ára hjá félögum í samstæðunni. Eftirlitsaðgerðum er lokið hjá Síldarvinnslunni hf., Runólfi Hallfreðssyni ehf. og Bergi-Huginn ehf. Niðurstaðan leiddi til viðbótarskattgreiðslna að fjárhæð um 522 þús. USD hjá Síldarvinnslunni og um 48 þús. USD hjá Bergi-Huginn sem hafa verið gjaldfærðar í rekstrarreikningi tímabilsins.

Skýringar

10. Önnur mál (framhald)

Tjón:
Eldur kom upp í ísfisktogaranum Vestmannaey VE 27, sem er í eigu dótturfélagsins Bergs-Hugins, í lok október þar sem stimpilstöng brotnaði og gekk út úr annarri aðalvél skipsins. Við það varð sprenging sem olli eldinum. Áhöfn var fljót að bregðast við og náði að ráða niðurlögum eldsins á skömmum tíma. Skemmdir eru óverulegar og reiknað er með að skipið verði frá veiðum í 3 mánuði. Skipið er tryggt hjá Tryggingarmiðstöðinni, sjálfsábyrgð félagsins er 15 milljónir króna. Reiknað er með að skip samstæðunnar muni ná að veiða sínar heimildir þrátt fyrir tjónið, þannig að tjónið mun hafa óveruleg áhrif á afkomu samstæðunnar. Áætlað er að skipið geti haldið til veiða í febrúar á næsta ári.

11. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á tímabilinu greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	3 F 2021	2 F 2021	1 F 2021	Samtals
Seldar vörur.....	71.460.579	46.884.364	51.851.471	170.196.414
Aðrar tekjur.....	20.047	(57.640)	525.854	488.261
Hagnaður af sölu eigna.....	540.134	174.963	0	715.097
Rekstrartekjur.....	72.020.760	47.001.687	52.377.325	171.399.772
Kostnaðarverð seldra vara.....	28.207.888	18.832.046	18.783.946	65.823.880
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	15.563.137	13.665.351	12.398.501	41.626.989
Annar rekstrarkostnaður.....	1.258.380	1.656.491	1.324.358	4.239.229
Rekstrargjöld.....	45.029.405	34.153.888	32.506.805	111.690.098
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....	26.991.355	12.847.799	19.870.520	59.709.674
Afskriftir fastafjármuna.....	3.067.354	2.447.696	2.541.974	8.057.024
Rekstrarhagnaður	23.924.001	10.400.103	17.328.546	51.652.650
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(3.093.659)	603.305	3.840.705	1.350.351
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	21.861	(380.850)	4.080.643	3.721.654
Hagnaður af afhendingu dótturfélags.....	0	23.637.620	0	23.637.620
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	20.852.203	34.260.178	25.249.894	80.362.275
Tekjuskattur.....	(3.528.846)	(2.697.978)	(4.186.090)	(10.412.914)
Hagnaður tímabilsins.....	17.323.357	31.562.200	21.063.804	69.949.361

Rekstur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. september 2020 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	3 F 2020	2 F 2020	1 F 2020	Samtals
Seldar vörur.....	69.891.740	34.247.762	27.963.887	132.103.389
Aðrar tekjur.....	179.241	273.059	146.945	599.245
Hagnaður (tap) af sölu eigna.....	55.345	(924.674)	1.213.500	344.171
Rekstrartekjur.....	70.126.326	33.596.147	29.324.332	133.046.805
Kostnaðarverð seldra vara.....	25.002.256	14.977.275	12.190.667	52.170.198
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	15.388.006	9.384.980	7.898.863	32.671.849
Annar rekstrarkostnaður.....	903.144	1.301.218	945.716	3.150.078
Rekstrargjöld.....	41.293.406	25.663.473	21.035.246	87.992.125
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....	28.832.920	7.932.674	8.289.086	45.054.680
Afskriftir fastafjármuna.....	2.418.327	2.456.321	2.502.377	7.377.025
Rekstrarhagnaður	26.414.593	5.476.353	5.786.709	37.677.655
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	192.011	3.356.262	(13.707.532)	(10.159.259)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	1.589.229	3.142.962	(1.330.423)	3.401.768
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	28.195.833	11.975.577	(9.251.246)	30.920.164
Tekjuskattur.....	(5.282.306)	(1.805.537)	1.584.164	(5.503.679)
Hagnaður tímabilsins.....	22.913.527	10.170.040	(7.667.082)	25.416.485

Samantalsfjárhæðir annars ársfjórðungs hafa verið lagfærðar. Hagnaður eykst um 3,1 milljón USD miðað við áður birt uppgjör.